



Reykjavík

14. September 2023

Umsögn Slow Food Reykjavík um:

**Áform um lagasetningu - Breyting á búvörulögum nr. 99/1993 - Framleiðendafélög**

Slow Food Reykjavík fagnar því að taka eigi skref til þess að styrkja innlenda matvælaframleiðslu og gera henni kleift að dafna og styrkja frumframleiðendur matvæla.

Slow Food vill senda inn nokkrar athugasemdir til að taka með í þá vinnu sem framundan er.

- Mikilvægt er að lagaleg skilgreining á hvað Framleiðendafélög eru sé skýr og tryggt að í þeim félögum sem tilvonandi lagarammi nái yfir, hafi frumframleiðendur raunverulegan ávinning.
- Mikilvægt er að ný fyrirtæki og örframleiðendur hafi aðgang að markaðnum og geti komið inn með nauðsynlega nýsköpun og fullvinnslu afurða. Þetta eru oftast en ekki fjölskyldufyrirtæki eða einstaklingar oft í hinum dreifðari byggðum sem sjá hag í að auka verðmæti afurða.
- Mikilvægt er að regluverk og eftirlit sé ekki það sligandi hvorki í framkvæmd, né gjaldtöku að það hamli allri framþróun.
- Mikilvægt er að sláturleyfishafar taki þau dýr til slátrunar sem beðið er um á þeim tíma sem bændur biðja um. Mikilvægt að geitabændur geti treyst því að sláturleyfishafar taki dýr þeirra til slátrunar. Eins má nefna nautgripi en á stundum hafa bændur þurft að bíða í marga mánuði eftir slátrun.
- Huga þarf að dýravelferð í hagræðingaraðgerðum, akstur á sláturdýrum hundruð kílómetra, er vafasamur í tilliti til dýravelferðar og auk þess rýrir það gæði afurða.
- Slow Food bendir á mikilvægi þess að við gerum handverki í matvælaframleiðslu hátt undir höfði og vinnum með þá þekkingu og hefðir sem við sem þjóð búum yfir.

f.h. stjórnar Slow Food Reykjavík

Dóra Svavarsdóttir

Formaður